

## **115. fundur dómara nefndar 1. febrúar 2023 kl. 18:15 í Pálsstofu, Laugardalslaug.**

**Mættir:** Viktoría Gísladóttir, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Ragnheiður Birna Björnsdóttir, Sigurður Óli Guðmundsson.

Forföll: Sigurþór Sævarsson, Bryndís Sigurðardóttir, Lárus Lúðvík Hilmarsson, Björn Valdimarsson.

Fundarefni:

Breytingar á World Aquatics sundreglum til yfirferðar og samþykktar frá reglubreytinganefnd. Reglurnar eru samþykktar til afhendingar til stjórnar SSÍ. Ingibjörg Ýr og Ragnheiður Birna ætla að leggja lokahönd á útlit og uppsetningu gagna.

RIG 2023 var haldið daganna 27. – 29. janúar 2023, vel gekk að manna mótið. Nýjung á mótinu var að dómara störfuðu á þjónustu borði eða eins og það heitir á ensku „resolution desk“. Hlutverk þjónustu borðs er að veita alhliða upplýsingar til þjálfara/fararstjóra um hvaða mál sem koma upp t.d. um ógildingar keppenda, ef leggja þarf fram kæru, taka á móti úrskráningum keppenda úr greinum o.fl. Markmið SSÍ er að hafa þjónustuborð á öllum SSÍ mótum í framtíðinni. Það sýndi sig að reynsla íslenskra alþjóðlegra yfirdómara á sundmótum á hæsta stigi erlendis skilaði sér í góðu utanumhaldi, skipulagi og framkvæmd.

Næstu sundmót:

Gullmót KR 10. – 12. febrúar

Ásvallamót SH 11. – 12. mars

Vormót Fjölnis 18. – 19. mars

ÍM 50 1. – 3. apríl

Ármanismót (B mót) 15. – 16. apríl

Vormót Blika 22. apríl

IMOC 5. – 6. Maí

Dómaranámskeið á vorönn:

8. febrúar 2023 í Pálsstofu, Laugardalslaug í tengslum við Gullmót KR og Vormót Fjölnis

9. mars 2023 í Hafnarfirði í tengslum við Ásvallamót

13. apríl 2023 í Pálsstofu í tengslum við Ármanismót og Vormót Breiðabliks

11. maí 2023 í Reykjanesbær í tengslum við Landsbankamót ÍRB

Dómaranemi sem uppfyllt hefur punktastöðu til almenns dómara er: Elva Hrund Ingvadóttir – Fjörður og Dagmar Þórdísardóttir – Ægir.

Fundur yfirdómara - 18. janúar 2023 í Pálsstofu, Laugardalslaug – góð mæting yfirdómara á fundi og var tekið fyrir breytingar á sundreglum FINA og verklag yfirdómara á mótum.

FINA listi #22 er ekki komin út á heimasíðu FINA.

Fundi slitið kl. 20:20

Næsti fundur áætlaður 1. mars 2023 kl. 18:15 staðsetning óákveðin.